



# Pési

**ATH!!**Næsti Pési kemur út í sept.Efni þarf að berast í síðasta lagi 6.sept



Frá Bókasafni Hrunamanna



Bókasafn Hrunamanna er aðildarsafn að Rafbókasafninu. Rafbókasafnið er bókasafn á vefnum þar sem finna má fjölda raf- og hljóðbóka af öllu tagi, fyrir alla aldurshópa, á slóðinni [www.rafbokasafnid.is](http://www.rafbokasafnid.is). Hægt er að nálgast efnið í tölvum, spjaldtölvum og snjallsímum.



Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Rafbókasafnsins, [www.rafbokasafnid.is](http://www.rafbokasafnid.is).

Vanti þig númerið á bókasafnskortinu þínu getur þú haft samband með því að senda tölvupóst á netfangið: [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is) eða senda skilaboð í gegnum facebook síðu safnsins.

Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 20-21  
Þriðjudaga Kl. 16-18  
Miðvikudaga Kl. 16-18



**Frá og með 1. september verður líka opið á fimmtudögum frá kl. 16-18.**

Munið að skila safngögnum, skilalúgan er alltaf opin ☺

Verið velkomin.

Bókasafn Hrunamanna  
Félagsheimilinu  
Sími: 480 6628  
Netfang: [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is)  
Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>  
Bókasafnið er líka á  Facebook



## Sundlaugin á Flúðum. Opnunartími

**Frá 7. ágúst til 12. ágúst**

Mánudaga til föstud: 12:00-20:30, laugard.og sunnud: 12:00-18:00

**Frá 13. ágúst:** Mánud-föstud:17:00-19:00

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00

**Tækjasalur í Íþróttahúsi. Opnunartími í ágúst**

**Frá 7. ágúst:** Mánudaga til fimmtudaga: 16:30-20:30.

Föstudaga: Opið frá 24. ágúst: 12:30-18:00

Ágúst 2018  
Ritstjóri og  
ábyrgðarmaður  
Jón G. Valgeirsson  
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -  
svanhildur@fludir.is

28. árgangur.  
328.tölublað.  
pesi@fludir.is.  
Sími. 480 6600

## Sveitarstjórapistill

Nú er runninn upp ágústmánaður og eins og venjulega styttist í haustið, skólar byrja og lífið kemst í fastar skorður eftir sumarfrí. Vonandi verður samt dálítill sumarauki hjá okkur til að jafna út úrkomu sumarsins. Hins vegar myndi maður ekki vilja skipta við nágranna okkar á Norðurlöndunum og víðar á hitabylgju og skógareldum eða rosasumri. Held að í öllum tilvikum myndi ég velja rosann!!

Verslunarmannahelgin fór vel fram og að mínu mati tókust þær breytingar vel sem gerðar voru á hátíðinni. Það hafði þau áhrif að færri fólk mætti á svæðið en á móti má segja að kannski er þetta miklu heppilegri fjöldi og samsetning af gestum en verið hefur. Þjónustuaðilar nutu þess að það var aukinn fjöldi á svæðinu en vissulega voru þó eitthvað færri en áður hefur verið og þurfa þeir eflaust að aðlaga sig að þeim veruleika. Það var rétt ákvörðun að hætta með svo kölluð unglingatjaldsvæði og þó blessaðir unglíngarnir séu nú kannski ekki aðal vandamálið þá eru það óæskilegir fylgifyskar sem gera það nánast ómögulegt að bjóða upp á þessa þjónustu um verslunarhelgina.

Ég vil þakka öllum sem héldu utan um skipulag á dagskrá helgarinnar og öðrum sem hjálpuðu til við verkefnið sem og Bessa sem var verkefnisstjóri viðburða helgarinnar. Dagskráin var fjölbreytt, mjög metnaðarfull og höfðaði greinilega til mikils fjölda fjölskyldufólks og það var sérstaklega gaman að hægt var að endurvekja traktorstorfærana. Gæsluaðilar og lögreglan stóðu sig með sóma og í raun og veru komu ekki upp veruleg vandamál um helgina. Þá vil ég hrósa þeim sem sáu um tiltekt á svæðinu en ég vil meina að ásynd Flúða og sveitarfélagsins sé góð eftir þessa mestu ferðahelgi sumarsins hér í sveit. Við munum síðan rýna þennan viðburð og umræða tekin upp hvert skuli stefna með þennan viðburð.

Lokahátíð sumarsins verður síðan Uppskeruhátíðin sem verður haldin laugardaginn 1. september n.k. Vil ég hvetja sveitunga og aðra að nýta sér þetta tækifæri til að kynna starfssemi sína á þessum degi og koma sér og sínu á framfæri.

Varðandi gámasvæðið okkur vil ég benda á að ef fólk þarf aðstoð eða upplýsingar um notkun svæðisins að hringja í þjónustuaðila þess. Sem dæmi urðum við fyrir stórtjóni þegar einhverjum datt í hug að opna dýragáminn með göflum á ámoksturstækjum þannig að gámurinn datt úr leik. Við eigum í nógum erfiðleikum að halda kostnaði við úrgangsmál í lágmarki að ekki bætist við ónaúðsynlegar skemmdir á eignum samfélagsins.

Á gámasvæðið kemur vonandi sem fyrst pressugámur fyrir plast þannig að við getum raunverulega farið að flokka plast frá og hafa einhvern viðtaka fyrir þann úrgang. Síðan er ábending um það að grenndargámar sem staðsettir eru utan gámasvæðis á Flúðum eru bara hugsaðir fyrir venjulegan heimilisúrgang en t.d. alls ekki fyrirtækjaúrgang sem á allur að fara upp á gámasvæðið á Flúðum. Umgengni um þessa gáma eru að verða slík, t.d. hjá Langholtsfjalli, að sá gámur er í útrýmingarhættu.

Varðandi úrgangsmál verður síðan örugglega verkefni næsta kjörtímabils að marka stefnu og koma með ný og betri úrræði varðandi flokkun úrgangs.

Á vettvangi sveitarstjórnar hefur að venju verið rólegt sumar en verkefni ársins í farvegi. Gaman er að sjá hversu vel vinna verktaka gengur við Hrunaljóssverkefnið sem er á áætlun og alveg að bresta á að hægt sé að tengja fyrstu notendur við kerfið. Einnig er gaman að sjá hvað gluggaskipti og endurnýjun matsalarins í Flúðaskóla koma vel út en það er alveg nauðsynlegt að geta á hverju ári haldið áfram að bæta mannvirki sveitarfélagsins. Framkvæmdum í götu í Vesturbrún seinkar fram á haustið þar sem verktaka var veittur frestur til að hægt væri að fara í framkvæmdir á vegum Vegagerðarinnar á Langholtsvegi sem er langþráð verkefni sem mikið hefur verið suðað í Vegagerðinni að ráða bót á.

Það eru aðeins breytingar í mannahaldi hjá sveitarfélaginu næsta vetur. Jónína Sif Harðardóttir hefur störf sem húsvörður í íþróttahúsi með meiru í haust. Almennt hefur gengið vel að manna stofnanir og störf á vegum sveitarfélagsins sem er vonandi vísbending um að Hrunamannahreppur sé bærilegur vinnustaður því það er mikill auður fyrir samfélagið að hafa gott fólk í vinnu.

Að lokum vil ég minna fólk á að huga að umhverfi sínu, klippingum á trjám og gróðri til að auðvelda aðgengi og stuðla að almennri snyrtimennsku á öllum sviðum.

Ég vil óska öllum góðra sumarloka og eigum gott haust saman.

Jón G. Valgeirsson  
Sveitarstjóri

# 80

## STAÐIR

UM LAND ALLT



# EIMSKIP

Flytjandi



## ÞARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.

Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.

Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

**EIMSKIP**  
Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is

# KRANAÞJÓNUSTA

**B. R. SVERRISSON EHF.**

Sími 864 2499 (Bjarni)  
brbjarni@gmail.com



72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter  
2 t spil • Bill með drifi á framöxli

# Baggamunur

Bókhalds- og skattaþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

[www.baggamunur.is](http://www.baggamunur.is)

[s@baggamunur.is](mailto:s@baggamunur.is)

866-9035

## Kleinusala Kvenfélags Hrunamannahrepps

Fjáröflunarnefnd Kvenfélagsins ætlar að vera með nýbakaðar kleinur til sölu föstudaginn 31. ágúst og á uppskeruhátíðinni daginn eftir. Þeir sem vilja panta kleinur og ná í þær á föstudagskvöldinu geta haft samband við nefndarkonur og gefið upp það magn sem þeir vilja.



Kleinurnar verða seldar 20 stk í poka á kr 1500.-

Auk þessa verður kvenfélagið með vöfflukaffi í Félagsheimilinu á uppskeruhátíðinni.

Við óskum líka eftir vinnufúsum höndum sem eru til í að hjálpa okkur við kleinubaksturinn frá klukkan 15:00 og eitthvað fram eftir kvöldi, föstudaginn 31. ágúst.

Helena 698-2101

Else 690-6024

Sigríður Fossi 846-3275

Auðbjörg Lilja 865-9455



**RAFMAGNSVERKSTÆÐI  
JENS OG RÓBERTS**

**TÖKUM AÐ OKKUR:  
ALLA ALMENNA  
RAFVIRKJAPJÓNUSTU**



**SJÁUM UM TEIKNINGU  
OG HÖNNUN  
RAFLAGNA**

**JENS PÉTUR JÓHANSSON**  
893-7101  
RAFJENS@EYJAR.IS

**SMÆRRI JAFNT SEM  
STÆRRI VERKEFNI.**

**RÓBERT EINAR JENSSON**  
899-9554  
ROBBIRAF@SIMNET.IS

## Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjaþjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi í síma 4-800-900 eða á [slökkvitaeiki@babubabu.is](mailto:slökkvitaeiki@babubabu.is)



**Hjörleifur Ólafsson**  
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
fossi@fossi.is

[www.sveitir.is](http://www.sveitir.is)

Upplýsingar um ferðaþjónustu  
og viðburði í Uppsveitunum

Höfum tekið í umboðssölu fóður frá  
Josera og deheus  
Verið velkomin til okkar  
Árni ehf Smiðjustíg 6





Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar  
í Laugarási **432-2770.**  
**Aðalnúmer Heilbrigðisstofnunar á Selfossi 432-2000**

VIOLA snyrtistofa  
Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra  
ALESSANDRO naglalökk og gloss  
Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –  
Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.  
Tímabantanir í Síma 856-1599



Hár-Hrun

Klippir í Félagsheimili Hrunamanna  
Vinsamlegast pantið tíma  
í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

***Skrifstofa Hrunamannahrepps.***

***Opnunartími.***

***Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00***

***Föstudaga: 09:00-12:00***

**Sími: 480-6600**



**Fótaaðgerðarstofan Heimalandi auglýsir!**

**(Félagar í Félagi eldri Hrunamanna fá afslátt (5.500))**

**Tímabantanir í síma: 863 0433**

**Opið fimmtudaginn: 16. ágúst**

**Allir velkomnir**

**Sólveig Jóhannsdóttir Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur**





## Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna  
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



### Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík  
Sími 533-2211 - [www.nesfrakt.is](http://www.nesfrakt.is)  
Beint samband í flutningabil 773-1626

# Nesfrakt

## Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: [vondull@simnet.is](mailto:vondull@simnet.is)

## Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufraeðingur

Sími: 858-3399

[graennaland@simnet.is](mailto:graennaland@simnet.is)

# Hrunaljós

## ÞJÓNUSTUFUNDUR – LJÓSLEIÐARI.

Kynningarfundur með fjarskiptafélögum verður haldinn í Félagsheimili Hrunamanna miðvikudaginn 15.ágúst á milli kl. 16:00 og 20:00

Á fundinum er þjónustuveitum gefinn kostur á að kynna sínar vörur fyrir íbúum. Þetta er kærkomið tækifæri til þess að bera saman það sem í boði er, hitta fulltrúa fjarskiptafélaga og spá í hlutina. Þó svo að einhver tími líði þar til að heimtaugar verða endanlega tilbúnar getur verið gott að fá innsýn í það sem boðið er upp á og átta sig á fjölbreytileika fjarskiptaheimsins.

Við hlökkum til að sjá sem flesta í Félagsheimilinu

### Sundlaugarvörður óskast



Lausar eru til umsóknar stöður sundlaugarvarða við sundlaugina á Flúðum. Umsækjendur þurfa að hafa lokið námskeiði í skyndihjálpi og standast sundpróf laugarvarða samkvæmt reglugerð um hollustuhætti á sund og baðstöðum. Nýjir starfsmenn þreyta námskeiðið áður en starfið hefst og greiðir Hrunamannahreppur fyrir námskeiðið.

#### Í starfi sundlaugarvarðar felst m.a:

- Öryggisvarsla við sundlaug og sundlaugarvæði.
- Afgreiðsla og önnur þjónusta við gesti.
- Þrif.

#### Hæfniskröfur:

- Góð samskiptahæfni.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Að hafa staðist lokapróf í sundi í grunnskóla.
- Tölvukunnátta.
- Hreint sakavottorð.

Nánari upplýsingar veitir forstöðumaður, Árni Þór Hilmarsson í síma 849-3870

Umsóknafrestur er til og með mánudeginum 20. ágúst 2018

Umsóknum skal skila til forstöðumanns íþróttamiðstöðvar eða á netfangið [arni@fludaskoli.is](mailto:arni@fludaskoli.is)



Öll almenn smíðavinna,  
nýsmíði, viðhald og viðgerðir  
sími: 888-1975/865-7499

**Samkaup** **strax**

Flúðum

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 09:00–21:00

Laugardaga og sunnudaga: 10:00–21:00

**Verið velkomin**

Starfsfólk Samkaupa Strax á Flúðum

Sími: 486 6633

**Fundur um þjóðgarð á hálendinu 27 ágúst í Árnesi.**

**Umhverfis- og auðlindaráðuneytið boðar til fundar um þjóðgarð á miðhálandi Íslands í Félagsheimilinu Árnesi mánudaginn 27 ágúst. Kl 18:00.**

Formaður miðhálandisnefndar Óli Halldórsson kynnir verkefni nefndarinnar og fer yfir tímarás verkefnisins. Að framsögu hans lokinni mun hann leitast við að svara fyrirspurnum.

## Gris og flesk ehf er svinabú í Laxárdal, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Maria Guðný Guðnadóttir og Hörður Harðarson byrjuðu með eina gyltu í gömlu hesthúsi árið 1978. Í dag eru gylturnar orðnar 160 sem er talið lítið bú í dag. Þetta er lítið fjölskyldubú. Bændurnir rækta sitt eigið bygg, hveiti og repju til að fódra svinin.

Það sem er nokkuð sérstakt við eldið á okkar svinum er að þau eru alin að mestu á íslensku fódri.

Árið 2007 hófst kornræktin í Gunnarsholti á Rangárvöllum, þar sem nægjanlegt land er til staðar, en sama ár var ræktað á um 30 hekturum. Næstu árin var aukið við ræktunina jafnt og þétt. Kornid var upp búnaði til að þurrka, geyma og flytja kornið. Einnig var fjárfest í tækjum til jarðvinnslu og sáningar.

Í dag er meginhluti ræktunarinnar bygg en einnig er ræktun á repju og hveiti vaxandi ásamt því að tilraunir hafa verið gerðar með ræktun á bökhveiti, rúg og hófrum. Árið 2017 var ræktað bygg á um 190 hekturum og repju á um 40 hekturum. Þá eru gerðar tilraunir með hentugar aðferðir til að hvíla land sem er í stöðugri ræktun og hvaða ræktunar aðferðir henta best.

Í dag er íslenskt hráefni í um 80% af öllu fódri sem framleitt er fyrir svinin í Laxárdal.

Við opnuðum kjötvinnslu í júlí 2018 sem staðsett er í nýju iðnaðarhúsnæði að Tvísteinabraut í Árnesi. Við seljum kjötið undir vörueitinu Korngris frá Laxárdal. Þar erum við með kjötbörð og alla vinnslu.

[korngris@korngris.is](mailto:korngris@korngris.is)

Korngris frá Laxárdal er á facebook 





# Litla Melabúðin

## FARMERS MARKET

Opið alla daga milli kl. 13:00-17:00  
Open daily 1pm-5pm



Vörur úr  
heimabyggð.

Locally grown  
Locally owned

### Beint frá býli

Grænmeti, kryddjurtir, holdanautakjöt, eldis-silungur, heimagerðar sultur og flatkökur, Arna laktósafrjár mjólkurvörur og margt fleira.

Vegetables, herbs, Angus beef, brown trout, homemade jams and flatbreads, Arna lactose free dairy and variety of other products.

Melum, Flöðum

Hrunamannahrepp

@litlamelabudin

www.facebook.com/litlamelabudin/







Sími 899-2910



Júlí/ágúst 2018

[www.pizzavagninn.is](http://www.pizzavagninn.is)

Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
26. júlí	27. júlí <b>Brautarholt</b> 18:00-20:30	28. júlí <b>Reykholt</b> 18-21
2. ágúst	3. ágúst <b>Flúðir</b> 18-21	4. ágúst <b>Lokað í dag</b>
9. ágúst	10. ágúst <b>Árnes</b> 18:00-20:30	11. ágúst <b>Reykholt</b> 18-21
16. ágúst	17. ágúst <b>Sumarfrí</b>	18. ágúst <b>Sumarfrí</b>



Sími 899-2910



Ágúst/sept 2018

[www.pizzavagninn.is](http://www.pizzavagninn.is)

Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
23. ágúst	24. ágúst <b>Brautarholt</b> 18:00-20:30	25. ágúst <b>Reykholt</b> 18-21
30. ágúst <b>Laugarvatn</b> 18:00-20:30	31. ágúst <b>Flúðir</b> 18-21	1. sept <b>Lokað í dag</b>
6. sept	7. sept <b>Árnes</b> 18:00-20:30	8. sept <b>Reykholt</b> 18-21
13. sept <b>Laugarvatn</b> 18:00-20:30	14. sept <b>Lokað vegna réttardags</b>	15. sept <b>Borg</b> 18:00-20:30



Hrunamannahreppi, 845 Flúðir, Sími 480 6620, Netfang: und

## **Leikskólakennarar óskast**

Leikskólinn Undraland á Flúðum óskar eftir að ráða leikskólakennara til starfa frá miðjum ágúst 2018.

Leikskólinn Undraland er þriggja deilda leikskóli og er staðsettur á Flúðum. Við skólann stunda rúmlega 40 börn nám. Við störfum eftir hugmyndafræði Reggio Emilia með útikennslu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á þarfir barnanna til frjálsra leikja og getu þeirra til að skapa og upplifa. Náttúran og umhverfið sem við búum í eru nýtt til rannsókna og leikja.

### **Menntun**

Umsækjendur þurfa að hafa lokið leikskólakennaranámi eða tilskilinni menntun.

### **Hæfni**

Kennarar og starfsmenn leikskólans þurfa að búa yfir færni í mannlegum samskiptum, sýna frumkvæði, sjálfstæði og hafa metnað fyrir starfi sínu.

Vinna að uppeldi og menntun barnanna í samræmi við námskrá leikskólans og geta unnið í nánú samstarfi við stjórnendur leikskólans.

### **Launakjör**

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitafélaga og Félags leikskólakennara.

### **Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um hjá okkur.**

Ef ekki fást leikskólakennarar til starfa verður litið til reynslu og meðmæla úr fyrri starfi/störfum.

Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu skólans og hjá leikskólastjóra. Vinsamlegast sendið inn umsókn á netfangið [ingibjorg@undraland.is](mailto:ingibjorg@undraland.is). Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir leikskólastjóri í síma 864 2113





## **KAFFI-SEL RESTAURANT AND PIZZERIA**

**Open everyday from 11.00 – 21.30**  
**Opið alla daga frá kl. 11.00 – 21.30**

<http://kaffisel.is> Facebook: Kaffi-Sel

Tel. 486-6454 – [info@kaffisel.is](mailto:info@kaffisel.is)





## HRUNAPRESTAKALL

Kæru sveitungar.

Fyrstu messur eftir sumarleyfi eru **síðsumarsmessan í Tungufellskirkju sunnudaginn 12. ágúst kl. 14** og **hestamannamessa í Stóra-Núpskirkju sunnudaginn 19. ágúst kl. 14**. Að venju leggur hópreið af stað frá Hruna kl. 11:30 með viðkomu í Hlíð og Steinsholti.

*Óskar Hafsteinn Óskarsson  
sóknarprestur*

## Uppskeruhátíð Hrunamanna 2018

Hin árlega uppskeruhátíð verður haldin laugardaginn 1. september.

Í félagsheimilinu verður markaður frá kl 12-17 og hvetjum við heimamenn að taka þátt og selja sína vöru.

Þeir sem óska eftir að leigja borð á markaðnum er beðnir um að senda inn borðapantanir á netfangið

[uppskeruhatid@gmail.com](mailto:uppskeruhatid@gmail.com).

Verð á borðum er

1 borð 160 cm x 80 cm verð 4000

1 borð 120 cm x 80 cm verð 3500

Vinsamlegast takið fram í pöntun hvað er óskað eftir mörgum borðum, hvaða stærð og hvaða vöru er verið að selja.

Með uppskerukveðju, undirbúningsnefndin.



# LANDSTÓLPI



## LOGI



## TRAUSTI



STOFNAD 1960

## SMARI



Nú er opnu gæðingamóti Landstólpa, Smára, Loga og Trausta lokið.

Mótið fór vel fram og margir góðir gæðingar fóru um völlinn undir styrkri stjórn góðra knapa.

**Landstólpi** var styrktaraðili gæðingamótsins og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir frábæran styrk og stuðning. Einnig viljum við þakka hollvinum reiðhallarinnar sérstaklega fyrir veitta aðstoð, einnig dómurum, starfsfólki og knöpum fyrir þeirra framlag.



Það eru nokkur sér-verðlaun sem hefð er fyrir að veita á gæðingamótum félaganna og verða þau talin upp hér að neðan:

### **Smári:**

Efsti hestur í eigu Smára-félaga í A-flokk var Sirkus frá Garðshorni á Þelamörk og hlaut hann Hreppasvipuna

Efsti hestur í eigu Smára-félaga í B-flokk var Snillingur frá Sólheimum og hlaut hann farandbikar

Efsti knapi í unglingsflokk var Aron Ernir Gunnarsson

Ásetuverðlaun sem veitt eru keppendum í barna- og unglingsflokk hlaut unglingurinn Þorvaldur Logi Einarsson þau

### **Logi:**

Glæsilegasti hestur mótsins í eigu Loga-félaga var Narfí frá Áskoti

Knapi mótsins í Loga var Sólon Morthens

Efsti hestur í eigu Loga-félaga í A flokk var Elja frá Sauðholti 2 og hlaut hún A flokks styttna

Efsti hestur í eigu Loga-félaga í B flokk var Fjalar frá Efri-Brú og hlaut hann B flokks styttna

Skeiðstyttna í 100 m fljúgandi skeiði fékk

Tinna Svört frá Glæsibæ og Finnur

Jóhannesson

Efsti knapi og ásetuverðlaun Loga-félaga í unglingsafli var Rósa Kristín Jóhannesdóttir

### **Trausti:**

Knapi mótsins í Trausta var Matthías Leó Matthíasson.



Úrslit (5 efstu í hverjum flokki)

### **A úrslit Gæðingaflokkur 1 A flokkur**

Sæti Hross Knapi Litur Aðildarfélag eiganda Einkunn

1-2 Katalína frá Hafnarfirði Sólon Morthens Rauður/milli-einlitt Sörli 8,67

1-2 Goði frá Bjarnarhöfn Hans Þór Hilmarsson Jarpur/dökk-einlitt Smári 8,67

3 Kolskeggur frá Kjarnholtum I Ólafur Ásgeirsson Brúnn/dökk/sv.einlitt Sprettur 8,60

4 Elja frá Sauðholti 2 Jóhann Kristinn Ragnarsson Bleikur/fífil-einlitt Logi 8,50

5 Narfi frá Áskoti Þorbjörn Hreinn Matthíasson Brúnn/milli-einlitt Logi 8,49

### **A úrslit. Gæðingaflokkur 1 B flokkur**

Sæti Hross Knapi Litur Aðildarfélag eiganda Einkunn

1 Sæþór frá Stafholti Snorri Dal Brúnn/milli-skjótt Sörli 8,79

2 Kvika frá Leirubakka Friða Hansen Rauður/milli-stjörnótt Geysir 8,62

3 Dimmir frá Hellulandi Anna Björk Ólafsdóttir Brúnn/dökk/sv.einlitt Sörli 8,50

4 Sproti frá Ytri-Skógum Nína María Hauksdóttir Brúnn/milli-einlitt Sprettur 8,44

5-6 Snillingur frá Sólheimum Hallgrímur Birkisson Rauður/milli-skjótthringeygt eða glaseygt Smári 8,42

5-6 Tenór frá Litlu-Sandvík Hlynur Pálsson Rauður/milli-stjörnótt Smári 8,42

### **A úrslit Gæðingaflokkur 1 Barnaflokkur**

Sæti Knapi Hross Litur Aðildarfélag knapa Einkunn

1 Guðný Dís Jónsdóttir Ás frá Hofsstöðum, Garðabæ Rauður/dökk/dr.stjörnótt Sprettur 8,62

2 Elva Rún Jónsdóttir Kraka frá Hofsstöðum, Garðabæ Brúnn/milli-einlitt Sprettur 8,55

3 Sara Dís Snorradóttir Gustur frá Stykkishólmi Brúnn/milli-einlitt Sörli 8,53

4 Eik Elvarsdóttir Þökk frá Velli II Jarpur/dökk-einlitt Geysir 8,53

5 Oddur Carl Arason Hrafnagaldur frá Hvítárholti Brúnn/milli-einlitt Hörður 8,52

### **A úrslit Gæðingaflokkur 1 Unglingaflokkur**

Sæti Knapi Hross Litur Aðildarfélag knapa Einkunn

1 Katla Sif Snorradóttir Ölur frá Akranesi Brúnn/milli-stjörnótt Sörli 8,41

2 Bergey Gunnarsdóttir Flikka frá Brú Brúnn/gló-einlitt Máni 8,35

3 Aron Ernir Ragnarsson Váli frá Efra-Langholti Jarpur/rauð-einlitt Smári 8,33

4 Þorvaldur Logi Einarsson Hátíð frá Hlemmiskeiði 3 Moldóttur/d./draugstjörnótt Smári 8,31

5 Þórey Þula Helgadóttir Gjálp frá Hvammi I Brúnn/milli-einlitt Smári 8,30



## A úrslit Gæðingaflokkur 1 Ungmennaflokkur

Sæti Knapi Hross Litur Aðildarfélag knapa Einkunn

- 1 Ylfa Guðrún Svafarsdóttir Töffari frá Hlíð Brúnn/dökk/sv.einlitt Fákur 8,63
- 2 Kristín Hermannsdóttir Þokkadís frá Rútsstaða-Norðurkoti Brúnn/milli-einlitt Sprettur 8,45
- 3 Eyjalín Harpa Eyjólfsdóttir Prins frá Syðri-Hofdölum Brúnn/milli-einlitt Geysir 8,39
- 4-5 Dagbjört Skúladóttir Elding frá V-Stokkseyrarseli Rauður/milli-stjörnótt Sleipnir 8,35
- 4-5 Hildur Árdís Eyjólfsdóttir Trú frá Ási Jarpur/rauð-einlitt Hornfirðingur 8,35

## A úrslit Tölt T3

Sæti Knapi Hross Litur

Aðildarfélag knapa Einkunn

- 1-2 Sigurður Sigurðarson Ferill frá Búðarhóli Bleikur/álótturstjörnótt Geysir 7,50
- 1-2 Matthías Leó Matthíasson Taktur frá Vakurstöðum Brúnn/mó-einlitt Trausti 7,50
- 3 Fríða Hansen Kvika frá Leirubakka Rauður/milli-stjörnótt Geysir 7,11
- 4 Lára Jóhannsdóttir Gormur frá Herriðarhóli Brúnn/mó-einlitt Fákur 7,00
- 5 Róbert Bergmann Freyja frá Bakkakoti Brúnn/milli-einlitt Geysir 6,78



## A úrslit Unglingaflokkur

Sæti Knapi Hross Litur Aðildarfélag knapa Einkunn

- 1-2 Bergey Gunnarsdóttir Flikka frá Brú Brúnn/gló-einlitt Máni 6,00
- 1-2 Þorvaldur Logi Einarsson Stjarni frá Dalbæ II Rauður/dökk/dr.tvístjörnótt Smári 6,00
- 3 Eydís Ósk Sævarsdóttir Selja frá Vorsabæ Brúnn/milli-stjörnótt Fákur 5,56
- 4 Þórey Þula Helgadóttir Gjálp frá Hvammi I Brúnn/milli-einlitt Smári 5,50
- 5 Kári Kristinsson Stormur frá Hraunholti Brúnn/milli-einlitt Sleipnir 5,44





# Hliðgrindur - margar lengdir



## Hringgerði



**Stærð: Ø 10m**

10 stk. grindur 3ja metra  
1 stk. Hlið  
Tengipinnar

**Verð kr. 311.365 m/vsk**

**Stærð: Ø 12m**

12 stk. grindur 3ja metra  
1 stk. Hlið  
Tengipinnar

**Verð kr. 364.031 m/vsk**

## Rutland rafgirðingarefni



Randbeitarvir - Rafgirðingaborði -  
Rafgirðingareipi

## Girðingarefni

- Girðingastaur 50/1500
- Girðingastaur 70/1800
- Girðingastaur 120/2500
- Túngirðingaset 5 strengja
- Túngirðingaset 6 strengja
- Túngirðingaset 7 strengja
- Gaddavir IOWA 250 m
- Gaddavir Motto 250 m
- Virlykkjur



**LANDSTÓLPI** 

Gunnbjarnarholti,  
801 Selfoss  
Sími 480 5600

landstolpi.is  
landstolpi@landstolpi.is  
Við erum líka á Fésbók

# Steinsögun

Tek að mér steinsögun í uppsveitum Árnessýslu, get sagað allt að 27 cm.

Verð og aðrar upplýsingar veitir Kristján Valur í síma: 8657158



**TAXI á svæðinu sem mun þjónusta  
Grímsnesið, Bláskógabyggð, Hrunamannahr og  
Skeiða og Gnúpverjahr.**

**Og allar sumarbústaðabyggðir á þessum svæðum  
eftir bestu getu.**

**TAXI DRIVER      Sími: 7760810 & 7831224**



Erum komin með vélar til að  
útbúa glussaslöngur  
Árni ehf, Smiðjustíg 6



## Uppspretta velliðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Opð alla daga vikunnar

[www.fontana.is](http://www.fontana.is)



LAUGARVATN

**fontana**

Höfuðind frá landnámi



## NUDD - BOWEN - MASSAGE

---

Nú er í boði endurnærandi heilnudd og Bowen meðferð í Íþróttamiðstöðinni Reykholti á mánudögum og þriðjudögum. Tímabókanir eru í síma eða í gegnum facebook síðu.

Einnig eru fáanleg gjafabréf í nuddmeðferðir sem eru tilvalin gjöf við öll tækifæri.



Now it´s available to get massage and Bowen treatment in Íþróttamiðstöðin Reykholt (the swimming pool) on Mondays and Tuesdays. To make an appointment please call or book through my facebook page.

- Nils Guðjónsson - Bowen tæknir -

Sími/Tel: 897-6944 - [nilsgudjon@gmail.com](mailto:nilsgudjon@gmail.com) - [facebook.com/NG ehf](https://www.facebook.com/NG.ehf)





# Sorphirðudagatal Hrunamannahreppur 2018

janúar				febrúar				mars			
sun	mán	mið	fös	sun	mán	mið	fös	sun	mán	mið	fös
1	2	3	4	1	2	3	4	1	2	3	4
5	6	7	8	5	6	7	8	5	6	7	8
9	10	11	12	9	10	11	12	9	10	11	12
13	14	15	16	13	14	15	16	13	14	15	16
17	18	19	20	17	18	19	20	17	18	19	20
21	22	23	24	21	22	23	24	21	22	23	24
25	26	27	28	25	26	27	28	25	26	27	28
29	30	31		29	30	31		29	30	31	

apríl				maí				júní			
sun	mán	mið	fös	sun	mán	mið	fös	sun	mán	mið	fös
1	2	3	4	1	2	3	4	1	2	3	4
5	6	7	8	5	6	7	8	5	6	7	8
9	10	11	12	9	10	11	12	9	10	11	12
13	14	15	16	13	14	15	16	13	14	15	16
17	18	19	20	17	18	19	20	17	18	19	20
21	22	23	24	21	22	23	24	21	22	23	24
25	26	27	28	25	26	27	28	25	26	27	28
29	30			29	30	31		29	30	31	

júlí				ágúst				september			
sun	mán	mið	fös	sun	mán	mið	fös	sun	mán	mið	fös
1	2	3	4	1	2	3	4	1	2	3	4
5	6	7	8	5	6	7	8	5	6	7	8
9	10	11	12	9	10	11	12	9	10	11	12
13	14	15	16	13	14	15	16	13	14	15	16
17	18	19	20	17	18	19	20	17	18	19	20
21	22	23	24	21	22	23	24	21	22	23	24
25	26	27	28	25	26	27	28	25	26	27	28
29	30	31		29	30	31		29	30	31	

október				nóvember				desember			
sun	mán	mið	fös	sun	mán	mið	fös	sun	mán	mið	fös
1	2	3	4	1	2	3	4	1	2	3	4
5	6	7	8	5	6	7	8	5	6	7	8
9	10	11	12	9	10	11	12	9	10	11	12
13	14	15	16	13	14	15	16	13	14	15	16
17	18	19	20	17	18	19	20	17	18	19	20
21	22	23	24	21	22	23	24	21	22	23	24
25	26	27	28	25	26	27	28	25	26	27	28
29	30	31		29	30	31		29	30	31	

- Sorp - Efri Hrunamannahreppur
- Sorp - Neðri Hrunamannahreppur
- Blá tunna - Allur Hrunamannahreppur
- Rúlluplast - Allur Hrunamannahreppur

Athugið að losunardagar geta breyst án fyrirvara svo sem út af veðri. Hirding fer þá fram við fyrsta mögulega tækifæri. Ekki verður tilkynnt um þetta sérstaklega. Flúðir skiptast milli sveða eftir Litlu laxa.



Sími: 577-5757 — gamur@gamur.is

